



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Fells í
Bláskógabyggð vegna
deiliskipulags*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Atli Rúnarsson

Febrúar 2025

NV nr. 07-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Febrúar 2025
Skýrsla nr: 07-25	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Fells í Bláskógabyggð vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Helgi Gunnlaugsson
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Fells í Bláskógabyggð vegna deiliskipulags		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirlarið af:


EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	Framkvæmdasvæðið	6
3.1.	Saga Fells	6
4.	Niðurstöður	6
5.	Heimildaskrá	8
6.	Kort	9

1. INNGANGUR

Að beiðni Helga Gunnlaugssonar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit í landi Fells í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir að skipta svæðinu upp í fimm lóðir sem verða undir verslun og þjónustu og frístundabyggð. Skipulagssvæðið er um 16.3ha að stærð og er við gatnamót Biskupstungubrautar og Bræðratunguvegar.

Svæðið var gengið og engar minjar fundust. Vettvangsvinna fór fram þann 3. febrúar 2025 og var unnin



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulum punkti.

af Margréti Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingi, og skýrslu- og kortagerð var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi, og Margréti Hrönn Hallmundsdóttur.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta,

áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3394 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3394-001.

3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

3.1. Saga Fells

Fyrst var minnst á Fell í Biskupstungum í máldaga Maríukirkju á Torfastöðum frá árinu 1331, þar var sagt að sungið væri á Felli fjórða hvern dag og fyrir það var greitt hálf mörk tíundar og hálfir lýsistollar¹ og sama var sagt árið 1397.² Í máldaga Haukadalskirkju í Biskupstungum frá 1553-1554 var sagt að Haukadalskirkja ætti fjórðung í heimalandi og að Fell greiddi einn veturgamlan sauð á hverju hausti.³

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1709 var sagt að jarðardýrleiki Fells væri óviss og að jörðin var í eigu Skálholtsdómkirkju. Landskuldin var ein hundruð og sextíu álnir á meðan leigukúgildin voru fimm. Útigangur var sagður góður og jörðin var sögð hafa átt góðan skóg til eldiviðar og kolagjörðar, sem var enn bjarglegur þegar jarðabókin var gerð, en vel hafði gengið á hann fyrir aðsókn annarra.⁴

Í Jarðatal Johnsens frá 1847 var sagt að Fell væri í bændaeign, dýrleikinn var 41 ⅓, landskuldin 1,60, kúgildin 5 og ábúendur voru 1 leigjandi.⁵

Á túnakorti af Felli sem gert var árið 1920 var sagt að tún Fells voru 4.9ha, ógirt og að ¼ af þeim væri sléttaður. Matjurtagarðar voru sagðir samtals 1074m².⁶

4. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust við vettvangskönnun og engar heimildir eru um minjar á svæðinu. Svæðið er að mestu framræst og sléttuð tún á svæði sem nefnist Engjaholtsmýrar.⁷ Neðan vegar og norðan við Tungufljót er um að ræða gömul tún sem eru orðin mjög þýfð og svæðið norðan vegar hefur einhvern tímann verið sléttað en er nú gras og lynggróður og skógrægt efst á svæðinu

Þrátt fyrir að engar minjar voru sjáanlegar á yfirborði er vert að benda á að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir samstundis ef áður óþekktar fornminjar

¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 669-670

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 49-50

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 660

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1921, bls. 297

⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 70

⁶ Túnakort – Fell, Biskupstungnahreppur, Árnessýsla, 1920

⁷ Örnefnaská - Fell

finnast undir sverði og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða næstu skref.



Mynd 3. Séð yfir túnið sem er sunnan við veginn við Tungufljót. Tekið í N. Ljósmynd MHH



Mynd 2. Efra svæðið. Tekið í N. Ljósmynd MHH

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1921). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.


J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Óútgefnar heimildir

Örnefnaskrá – Fell

Túnakort- Fell, Biskupstungnahreppur, Árnessýsla, 1920

6. KORT



Skýringar

 Skráningarsvæði

0 100 200 m



Yfirlitskort af skráningarsvæðinu
Mælikvarði 1:4000 Dags. 3.2.2025 Kort 1

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson